

86 heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verk-
24. júní ið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráða-
birgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. september 1912. Þetta er hjermeð gjört
heyrum kunnugt.

I stjórnarráði Íslands, 24. júní 1912.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.

Staðfesting konungs á endurskoðaðri skipulagsskrá fyrir búnaðarsjóð Eyja-
fjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 27. júní
1912.

Skipulagsskráin er þannig:

87
27. júní

Endurskoðuð skipulagsskrá

fyrir Búnaðarsjóð Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Búnaðarsjóður Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Innstæðu sjóðsins, sem er kr. 2043,71, skal auka með 50 kr. árlegu til-
lagi úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu og vöxtum, sem ekki er varið til verðlauna
samkvæmt 7. gr.

3. gr.

Innstæða sjóðsins skal lánuð út gegn fasteignaveði eða ávöxtuð tryggilega
á annan hátt.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir stjórn sjóðsins á hendi. Semur
hann árlega reikning yfir tekjur hans og gjöld, er endurskoðist ásamt sýslureikn-
ingunum og úrskurdist af sýslunefnd.

4. gr.

87

Vöxtum sjóðsins skal verja til verðlauna fyrir framúrskarandi dugnað í 27. júní jarðabótum og fyrirmynd í búnaði í Eyjafjarðarsýslu svo sem: grasrækt, garðrækt, girðingum, bygging áburðarhúsa og eftirbreytnisverðri meðferð á áburði. Ennfremur skal tekið tillit til heyllöðubygginga og góðra peningshúsa.

5. gr.

Umsóknir um verðlaun úr sjóði þessum sendist til sýslunefndarinnar, sem útbýtir verðlauninum. Umsóknunum skal fylgja skýrsla um hið unna verk ásamt vottorði tveggja áreiðanlagra og óvilhallra manna um að rjett sje frá skýrt.

6. gr.

Hver einstök verðlaun skulu ekki yfirstíga 50 kr., og ekki vera lægri en 15 kr. Verðlaunin veitast fyrir framkvæmdir á þremur næstliðnum árum og aldrei oftari en þrisvar til sama manns.

Við úthlutun verðlaunanna skal taka tillit til efnahags umsækjanda. Skulu fátækir umsækjendur, þó minna hafi afkastað en þeir, sem ríkari eru, eins hjóta verðlaun, ef framkvæmdir þeirra að öðru leyti eru verðlauna verðar.

7. gr.

Komi það fyrir, að enginn sækji um verðlaun þessi, eða sýslunefnd þyki enginn umsækjenda verðskulda þau, og ennfremur ef aðeins nokkrum hluta af vöxtum er útbýtt, þá skal fje það, sem þannig sparast, leggja við höfuðstólinn og ávaxta á sama hátt og hann.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og er þar með skipulagsskrá frá 18. sept. 1893 úr gildi númin

Þannig samþykkt af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu á aðalfundi hennar í marsmánuði 1912.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, 25. mars 1912.

Guðl. Guðmundsson.